

Sp.

627. Svar

[274. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ríkharðs Brynjólfssonar o.fl. um forfalla- og afleysingaþjónustu bænda.

1. Forfallaþjónusta í sveitum var komið á með lögum nr. 31/1979 og tók hún til starfa um mitt ár 1980. Búnaðarfélag Íslands fer með yfirstjórn hennar í umboði landbúnaðarráðherra, en búnaðarsamböndin ráða starfsfólk, hvert á sínu svæði. Lögin kveða á um að ráða megi allt að 60 menn til afleysingastarfa á ári.

Lögin kveða á um að fastráða eigi starfsmenn í þessi störf, en það hefur ekki tekist og því hefur orðið að samþykkja fólk er heimilin útvega sjálf.

2. Samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarins eru heildarlaunagreiðslur í sauðfjár- og nautgriparækt um 2,96 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir því að kostnaður við afleysingaþjónustuna muni nema um 30 milljónum króna á þessu ári sem er um 1% af heildarlaunum.

Rétt er þó að benda á að hér er eingöngu miða við þær aðstæður er nú ríkja og engin afstaða er tekin til þess hvert þetta hlutfall yrði ef farin hefði verið samningaleiðin í sexmannanefnd og ekki væri beinlínis um lagaákvæði að ræða.

3. Til forfallaþjónustunnar var veitt á fjárlögum árána 1980–1985, en árin 1986 og 1987 var lagt fram fé til forfallaþjónustunnar frá Stofnlánadeild landbúnaðarins með ákvæði í lánsfjárlögum og með tilvísun til laga nr. 31/1979. Fé til forfallaþjónustunnar verður með sama hætti árið 1988.

Ár	Áætluð ársverk	Notuð ársverk
1980	20	18.0
1981	25	26.0
1982	33	33.0
1983	38	51.5
1984	50	60.6
1985	60	61.5
1986	50	65.9
1987	60	66.1

4. Með bréfi landbúnaðarráðuneytisins frá 25. maí 1987 var heimilað að veitt yrði forfallaþjónusta í fjarvistum foreldra vegna sjúkrahúsdvalar barna, en að öðru leyti vísast til laga nr. 31/1979.